

STJÓRNARSKRÁ

um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Vjer Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að frumvarp til fyrirkomulags á stjórnarmálefnum Íslands fleirum sinnum höfðu verið lögð fyrir hið íslenska alþingi án þess, að þingið hafði viljað aðhyllast þau, hefur alþingi, sem haldið var á árinu, sem leið, sumpart í þegnlegri bænarskrá, sumpart í þegnlegu ávarpi, er laut að hinu sama, látið í ljósi þá ósk, að Vjer vildum gefa Íslandi stjórnarbót að því leyti, er snertir hin sjerstaklegu málefni þess, sjer í lagi á þá leið, að hún gæti öðlazzt gildi á þessu ári, sem minnisvert er fyrir Ísland.

Með því Vjer höfum fundið ástæðu til, að verða við beiðni þeirri, sem þannig er fram komin frá Voru kæra og trúa alþingi, höfum Vjer allramildilegast ályktað með því að leggja til grundvallar frumvörp þau til stjórnarskipulaga, sem áður hafa verið lögð fyrir alþingi, og einkanlega taka tillit til atriða þeirra, er tekin voru fram í fyr nefndri bænarskrá þingsins, að gefa eptirfylgjandi *Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands*.

I.

1. gr.

Í öllum þeim málefnum sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 3. gr., varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína og stjórn útaf fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdavaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendum.

Samkvæmt 2. gr. í tjeðum lögum tekur Ísland aptur á móti engan þátt í löggjafarvaldinu að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins, á meðan það ekki hefur fulltrúa á ríkisþinginu, en á hinn bóginn verður þess heldur ekki krafizt á meðan, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins.

2. gr.

Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma það.

Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, og hefur aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákvarðar verksvið landshöfðingja.

3. gr.

Ráðgjafinn hefur ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum.

Finni alþingi ástæðu til að bera sig upp undan því, hvernig landshöfðingi beitir valdi því, sem honum er á hendur falið, ákvarðar konungur, er alþingi fer þess á leit, í hverju einstöku tilfelli, hvort og hvernig ábyrgð skuli komið fram á hendur honum.

4. gr.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins. Sjerhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eptirlaunalögum. Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Með lagaboði má undan skilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 44. grein.

5. gr.

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi eiga setu lengur en 6 vikur. Breyta má þessu með lögum.

6. gr.

Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

7. gr.

Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það, og ekki nema einu sinni á ári.

8. gr.

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp.

9. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana.

10. gr.

Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.

11. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eptir.

12. gr.

Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum.

13. gr.

Konungur veitir sumpart beinlínis sumpart með því, að fela það hlutaðeigandi stjórnvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkamt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

II.

14. gr.

Á alþingi eiga sæti 30 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismann má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, sem kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil, og umboð þeirra, sem konungur kveður til, eins fyrir það, þótt þingið kynni að verða leyst upp. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

15. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

16. gr.

Hinir konungskjörnu alþingismenn eiga allir sæti í efri þingdeildinni. Hina þingmennina í efri deildinni kys alþingi í heild sinni með óbundnum kosningum úr flokki hinna þjóðkjörnu alþingismanna fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kemur saman eptir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði, meðan á kjörtímanum stendur, nokkurt sæti laust í efri þingdeildinni, sem þjóðkjörnir alþingismenn sitja í, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið lausa sæti meðal þjóðkjörnu þingmannanna fyrir þann kjörtíma, sem eptir er.

17. gr.

Kosningarrjett til alþingis hafa:

- a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynni að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;
- b. kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. (4 rd.) á ári;
- c. þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 krónur (6 rd.) á ári;
- d. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt himild til þessa;
- e. þeir, sem hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi veri heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit eða, hafi hann þáð sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum hafi verið gefinn hann upp.

18. gr.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef að hann

1. ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi; og
3. sje orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögunum.

III.

19. gr.

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

20. gr.

Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

21. gr.

Hvor alþingisdeildin um sig á rjett á að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp.

22. gr.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áriðandi fyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

23.gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðareignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið.

24.gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

25. gr.

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er samankomið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5.gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig að greiða skuli fyrir fram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna og í þeim sjálfum færð til með þeim upphæðum, sem einusinni eru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil eða hún veitt.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjárukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

26. gr.

Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið útgoldið án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum ársreikningum fyrir hvert tveggja ára fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

27. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar fyr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeildinni um sig.

28. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarhvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til fyrri þingdeilarinnar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið að nýju til hinnar deilarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lyktar eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni um sig sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undan skildum frumvörpum til fjárlaga og fjárukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

29. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

30. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sje gild.

31. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin álítur nægja.

32. gr.

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

33. gr.

Komist sá, sem löglega er kosinn, í einhverjar þær kringumstæður, sem svipta kjörgengi, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

34. gr.

Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa.

Stjórnin getur einnig veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja og að láta því í tje skýrslur þær, sem virðast nauðsynlegar. Í forföllum landshöfðingja má veita öðrum umboð til þess að semja við þingið.

Atkvæðisrjett hefur landshöfðinginn eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

35. gr.

Hvor þingdeildin um sig og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálfst forseta sinn og varaforseta.

36. gr.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

37. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingdeildinni, sem hann á sæti í, sjerhvert opinbert málefni, ef hún leyfir það, og beiðast þar um skýrslu.

38. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

39. gr.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landshöfðingjans eða ráðgjafans.

40. gr.

Fundir beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur hlutaðeigandi forseti eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafizt að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þing það, er hlut á að máli skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða á heimulegum fundi.

41. gr.

Þingsköpin handa hinu sameinaða alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lagaboði.

IV.

42. gr.

Skipun dómsvaldsins verður ei ákveðin nema með lagaboði.

43. gr.

Dómendur eiga rjett á að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboðinu í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

44. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögnum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

45. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðskirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda.

46. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu.

47. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

VI.

48. gr.

Sjerhver sá, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara svo fljótt sem auðið er. Megi þá eigi jafnskjótt láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en 3 dagar sjeu liðnir frá því, að sá, sem tekinn er fastur, var leiddur fyrir dómara, að leggja á úrskurð, er byggður sje á tilgreindum ástæðum, um hvort hann skuli settur í varðhald, og megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera.

Úskurði þeim, sem dómariinn kveður upp, má sá, sem í hlut á, þegar skjóta sjer í lagi til æðra dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

49. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin ekki gjöra sjerlega undantekning.

50. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir.

51. gr.

Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði.

52. gr.

Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja.

53.gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eður sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

54. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða.

55. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess það verði leyst upp.

56. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

57. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

58. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna ti að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lagaboði.

59. gr.

Skattgjalda-málum skal koma fyrir með lagaboði.

60. gr.

Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

61. gr.

Uppástungur, hvort heldur er til breytinga eður viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi

ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnarlög.

62. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. dag ágústmán. 1874, jafnhliða hinum nákvæmari reglum til bráðabirgða, sem leiðir af þeim ákvörðunum um stundarsakir, sem hjer koma á eptir. - Á k v a r ð a n i r u m s t u n d a r s a k i r.

1. Þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skulu kosningarlögin 6. janúar 1857, sbr. tilskipun 8. marz 1843, framvegis gilda um kosningarnar til alþingis að öðru leyti en því, sem leiðir af 14., 17. og 18. grein í lögum þessum. - Þeirri tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákvörðuð er í hinni fyrstu greininni, skal, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skipt þannig niður, að þær sýslur, er nú skal greina: 1) Gullbringu- og Kjósar, 2) Árnes, 3) Rangárvalla, 4) Skaptafells, 5) Ísafjarðar ásamt Ísafjarðar kaupstað, 6) Húnavatns, 7) Skagafjarðar, 8) Eyjafjarðar ásamt Akureyrar kaupstað, 9) Þingeyjar, 10) Norðurmúla og 11) Suðurmúla sýslur kjósa 2 alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur í Íslandi og Reykjavíkur kaupstaður kjósa 1 alþingismann hver.
2. Þangað til lög þau, sem getið er í 3. grein, koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni eptir þeim málfærslu-reglum, sem gilda við tjeðan rjett.
3. Þangað til að þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja deilda þess verða ákveðin með lagaboði, áskilur konungur sjer að ákveða þingsköpin til bráðabirgða.
4. Konungur gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að stjórnarskránni verði komið fullkomlega í verk einhvern tíma á árinu 1875. Áætlun um tekjur og gjöld Íslands á árinu 1875 staðfestir konungur samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefur fylgt verið.